

Rekstrarvörur ehf.
Réttarhálsi 2
110 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202112-058/B.B.B.
07.05.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 14.3.2022 með niðurstöðu eftirlits þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vörurnar RV handspritt gel 85, Plum Hånddesinfektion 85% og Plum Hånddesinfektion 85% gel m/glycerol skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) í íslenskan rétt. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir því stofnunin ekki frekari athugasemdir svo framarlega sem vörurnar er ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við þær úrbætur sem hafa verið lagðar fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 4.3.2022 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með handsóttthreinsum vegna ábendingar sem stofnuninni barst og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreindar vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Rekstrarvörur ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 19.000,-.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur